



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélag KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórnar

Reykjavík, 22. apríl 2013

Breytingar á reglugerðum KSÍ

Ágætu félagar
Á fundi stjórnar KSÍ 18. apríl sl. voru gerðar eftirfarandi breytingar á reglugerðum KSÍ:

Breyting á reglugerð KSÍ um aðgönguskírteini

Breytingar ská- og feitletraðar:

1.1. Knattspyrnusamband Íslands gefur út eftirfarandi aðgönguskírteini, sem heimila ókeypis aðgang að knattspyrnuleikjum sem hér segir:

Aðgönguskírteini A, sem gildir á alla leiki.

Aðgönguskírteini LD, sem gildir á leiki í Pepsi-deild karla.

Aðgönguskírteini 1D, sem gildir á leiki í 1. deild karla.

Aðgönguskírteini 2D, sem gildir á leiki í 2. deild karla.

Aðgönguskírteini 3D, sem gildir á leiki í 3. deild karla

Aðgönguskírteini 4D, sem gildir á leiki í 4. deild karla

Aðgönguskírteini KV, sem gildir á leiki í Pepsi-deild kvenna.

Aðgönguskírteini F, sem gildir á alla leiki aðra en landsleiki

2.1. Aðgönguskírteini A skal gefið út til stjórnar, fastanefnda, áfrýjunardómstóls KSÍ, starfsmanna, eftirlitsmanna og deildardómara KSÍ, forseta ÍSÍ, fyrrverandi formanna KSÍ og formanna knattspyrnudeilda sem taka þátt í landsdeildum

2.2. Aðgönguskírteini A skal gefið út til lands-, héraðs- og unglíngadómara, sem luku a.m.k. 15 störfum árið áður eða 20 störfum á undangengnum tveimur árum. Unglíngadómarar á fyrsta starfsári skulu þó fá aðgönguskírteini A að loknum 10 störfum.

2.3. Aðgönguskírteini sem gilda einungis á deildaleiki skal gefið út til leikmanna, starfsmanna og stjórnarmanna hvers félags, alls 30 skírteini á félag á leiki í viðkomandi deild. Einnig er heimilt að gefa út 10 skírteini til stuðningsaðila viðkomandi deildar.

2.4. Aðgönguskírteini F skal gefið út til fulltrúa fjölmiðla í samræmi við nánari reglur þar um.

Greinargerð: Í reglugerðina bætist ákvæði um aðgönguskírteini í 4. deild og fest er í reglugerð útgáfa á aðgönguskírteinum til fjölmiðla sem gefin hafa verið út undanfarin ár.

Breyting á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Núgildandi:

21.4 Í keppni 7 manna liða í 5. aldursflokki eða yngri skal röð ákvarðast samkvæmt eftirfarandi:

- a. Fjöldi stiga.
- b. Fjöldi stiga í innbyrðis leikjum.
- c. Hlutkesti.

Verður:

21.4.1 Sigurvegari í stigakeppni í 5. aldursflokki eða yngri flokka er það lið sem hlýtur flest stig. Röð liða ákvarðast nánar samkvæmt eftirfarandi:

- a. Fjöldi stiga.
- b. Fjöldi stiga í innbyrðis leikjum.
- c. Hlutkesti.

21.4.2 Sigurvegari í stigakeppni í úrslitakeppni 5. aldursflokks eða yngri flokka er það lið sem hlýtur flest stig. Röð liða ákvarðast nánar samkvæmt eftirfarandi:

- a. Fjöldi stiga.
- b. Fjöldi stiga í innbyrðis leikjum.
- c. Markamismunur í innbyrðis leikjum.
- d. Fjöldi skoraðra marka í innbyrðis leikjum.
- e. Markamismunur (skoruð mörk að frádregnum fengnum mörkum).
- f. Fjöldi skoraðra marka.
- g. Hlutkesti.

Greinargerð: Gerð er breyting á fyrirkomulagi á úrslitakeppni 5. flokks og yngri þannig að markamismunur gildir eftir fjölda stiga og fjölda stiga í innbyrðis leikjum.

Breyting á reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga

Núgildandi:

10.2 Flokkar A, B og C - UEFA vallaflakkar: Varamannaskýli með þaki fyrir hvort lið skulu rúma a.m.k. 14 manns, með 50 cm bekkplássi á mann (varamenn og starfsmenn liðs).

10.3 Flokkar D og E: Gerð er krafa um varamannaskýli í leikjum meistaraflokks en ekki annars. Varamannaskýli fyrir hvort lið skulu rúma a.m.k. 10 manns, en þó skulu varamannaskýli í 2.deild karla rúma 14 manns

Verður:

10.2 Flokkar A, B, C - UEFA vallaflakkar: Varamannaskýli með þaki fyrir hvort lið skulu rúma a.m.k. 14 manns, með 50 cm bekkplássi á mann (varamenn og starfsmenn liðs).

10.3 Flokkar D og E: **Gerð er krafa um varamannaskýli í leikjum meistaraflokks og skulu þau rúma a.m.k. 14 manns. (Veitt er aðlögun til upphaf keppnistímabilsins 2014)**

Greinargerð: Breytingin er gerð í samræmi við breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þar sem nú er heimilað að vera með 7 varamenn og 7 í liðsstjórn í leikjum meistaraflokks. Vakin er athygli á því að félög sem leika á leikvöllum í flokkum D og E er veitt aðlögun til upphafs keppnistímabilsins 2014 en þurfa þá að uppfylla skilyrði um varamannaskýli sem rúma a.m.k. 14 manns.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Bestu kveðjur



Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSÍ